



Flutningar á nautgripum

Eins og flestir búfjáreigendur vita er landinu skipt upp í 25 varnarsvæði eða hólf með svokölluðum varnarhlómum sem ýmist eru girðingar eða náttúrulegar hindranir. Flutningar á nautgripum á milli hólfa (yfir varnarhlómum) eru háðir leyfi Matvælastofnunar. Flutningar á nautgripum innan varnarhólfa eru aðeins skráningar skyldir í hjarðbók t.d. í Huppa.is (ekki þarf að sækja um).

Þegar flytja á nautgripi yfir varnarhlóm er það kaupandinn sem sækir um flutningsleyfið á Þjónustugátt Matvælastofnunar og það er héraðsdýralæknir í umdæmi kaupandans sem afgreiðir leyfin.

Umsóknir

Þegar umsókn um flutning nautgripa berst til Matvælastofnunar er framkvæmd ítarleg skoðun til þess að ákveða hvort samþykkinga eigi umsóknina eða hafna henni. Garnaveiki er fyrst og fremst sá sjúkdómur sem óttast er að geti fylgt í kjölfar nautgripaflutninga. Þess vegna er allur flutningur á nautgripum frá búum þar sem garnaveiki hefur greinst undanfarnir 10 ár bannaður. Listi yfir garnaveikibæi á heimasíðu Mast er uppfærður reglulega.

Viðauki við reglugerð nr. 911/2011 um garnaveiki og varnir gegn henni segir til um hvar á landinu er skylt að bólusetja lömb og kíð:

1. Á Suðvesturlandi og Vesturlandi frá Markarfljóti að Hvammsfjarðarlínu úr Hvammsfirði í Hrutafjörð. Ekki er þó skylt að bólusetja

á fjárskiptabæjum í Biskups tungum eða í Vestmannaeyjum.

2. Á Norðurlandi frá Húnaflóa að Skjálfandafljóti og einnig í Skútustaðahreppi. Ekki er þó skylt að bólusetja í Miðfjarðarhólfi eða í Grimsey.

3. Á Austurlandi, frá Smjörfjallalínu að Hamarsfjarðarlínu. Undanskildir eru þó bæir í Suðurdal/Suðurbyggð í Breiðdal og á Berufjarðarströnd norðan Berufjarðarbotns.

4. Á Suðausturlandi frá Hamarsfjarðarlínu að Jökulsá á Breiðamerkursandi.

Hérlendis hefur aldrei fundist hinn alvarlegi sjúkdómur kúagarnaveiki heldur er hér um að ræða sauðfjargarnaveiki sem þó getur smitast yfir í nautgripi. Bólusetning sauðfjár gegn garnaveiki er ekki trygging fyrir því að það veikist ekki, smitast, aðeins að það veikist ekki, og þar af leiðandi getur smit eftir sem áður borist í nautgripi. Þess vegna stafar mestri hættu af flutningi nautgripa af svæði þar sem bóluset er við garnaveiki yfir á svæði þar sem ekki er bóluset. Það er vegna þess að ef nautgripur smitaður af garnaveiki kæmi inn á svæði þar sem ekki er bóluset, gæti hann verið búinn að smita marga gripi áður en það uppgötvast, því sjúkdómurinn er lengi að búa um sig og smitefnið getur hafa dreifst með saur í langan tíma. Það gefur því auga leið að tjónið getur orðið umtalsvert og krafa yrði gerð um skyldubólusetningu á svæðinu.

Hins vegar er líklegt að leyfi fengist til þess að flytja nautgripi:

- milli svæða þar sem bóluset er í báðum hólfum
- milli svæða þar sem bóluset er í hvorugu hólfi
- frá svæði þar sem ekki er bóluset yfir á svæði þar sem er bóluset

Á þessu er þó sá fyrirvari að þó að bóluset sé í Snæfellsneshólfi þá er það líflambasöluhólf og það mundi glata þeirri stöðu ef þar kæmi upp garnaveiki. Því má bara leyfa flutning á nautgripum í hólfi frá svæðum sem eru laus við garnaveiki og ekki er bóluset.

Héraðsdýralæknir sem afgreiðir umsókn um flutning á nautgripum tekur einnig tillit til hvort aðrir sjúkdómar gætu verið á ferli eins og t.d. veiruskita sem gæti orðið til þess að flutningi sé hafnað eða honum seinkað.

Einnig tekur héraðsdýralæknir afstöðu til þess hvort hafna þurfi umsókn um flutning vegna áhættu við riðusmit, t.d. ef óskað er eftir því að flytja nautgripi frá bú sem er á miklu riðusvæði, yfir á bú sem er með sauðfé og er staðsett á hreinu svæði.

Algjört skilyrði til þess að leyfi til flutnings fáiast er að skráningar í hjarðbók séu uppfærðar reglulega og gefi rétta mynd af hjörðinni. Einnig gætu niðurstöður eftirlits haft áhrif á afgreiðslu umsókna.

Sigrún Bjarnadóttir,
dýralæknir nautgripa-
og sauðfjársjúkdóma
hjá Matvælastofnun